

Kennari: Björg Eiríksdóttir, BJE

Viðtalstími samkvæmt samkomulagi

Áfangalýsing

Nemandi vinnur málverk með akríllitum. Hann leggur megináherslu á sköpunarferli frá eigin hugmynd að lokaniðurstöðu. Hann byggir upp rökrænt þróunarferli sem leið til markvissrar listrænnar niðurstöðu. Nemandi vinnur tæknipróf og eigin rannsóknar- og tilraunavinnu þar sem engin leið er sjálfgefin. Myndefni er sótt í umhverfið og nemandinn vinnur á persónulegan hátt með sjónarhorn, myndmál, myndbygginu, form og lit. Nemandinn skoðar sköpunarferli nokkurra listamanna og kynnir sér málverk eða önnur verk sem tengjast eigin hugmynd og áhuga og hann notar sem innblástur ásamt öðru. Nemandinn ígrundar og ræðir um verk sín og vinnuferli á öllum vinnslustigum í samvinnu við kennara og aðra nemendur.



Peter Doig, 2019, *Spearfisher (Red Moon)*

„It is not about perfection. What's a perfect painting? What's interesting about a perfect painting?“

Peter Doig

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- sköpunarferli frá fyrstu hugmyndum að fullkláruðu málverki
- mikilvægi rannsókna, tilrauna og ígrundunar í ferlinu
- mismunandi hugmyndum og tækni í málverki
- nokkrum listmálurum/listamönnum í sögu og/eða nútíma

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna eftir rökrænu ferli þar sem eitt vinnslustig tekur við af öðru
- nota mismunandi leiðir til að túlka myndefni sitt
- tengja formræna framsetningu við inntak verka sinna
- sýna persónulega afstöðu í vali myndefnis og úrvinnslu
- leita sér heimilda og skoða listamenn í tengslum við vinnu sína
- meðhöndla efni og áhöld sem notuð eru við gerð málverka
- vinna agað og sjálfstætt og sýna frumkvæði
- ígrunda vinnu sína

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta umhverfið og verk annara sem innblástur fyrir eigin verki
- þróa eigin hugmynd með rannsóknar- og tilraunavinnu
- rökstyðja niðurstöður sínar með tilliti til faglegrar þekkingar
- fjalla um ólíkar aðferðir við vinnslu málverka
- fjalla um eigin verk og annarra á upplýstan og greinagóðan hátt og gera grein fyrir forsendum álits síns

Málverk - MYNL3MÁ07 Námsáætlun haust 2021



Kristín Mortens, 2019, I Followed a Spiral, It Felt like a Loop

Áætlun um yfirferð, verkefni

Nemendur verða samferða í byrjun en vinna svo sjálfstætt hver að sínu verki.

Kynning og upphitun 1 vika
Tækniprófur 2-3 vikur
Efnisöflun og hugmyndavinna 3 vikur
Útfærsla og tilraunir 4 vikur
Málverk 5 vikur
Skráning á vinnuferli í dagbók smám saman yfir önnina
Kynning á listamanni að eigin vali fyrir hópnum
Yfirferð 1/2 vika á miðri önn og 1 í lok annar

Námsgögn

Dagbók, skissubók, blindrammi
Penslar, litir, pappír, strigi ..
Bækur, netsíður

**Mikilvægt er að geyma alla vinnu
annarinnar og skila í lokin**

(skissur, ljósmyndir, prófur, dagbókarskrif, verk sem heilla, o.fl.)

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Verk Undirbúningsvinna og fullnið málverk	Sýnileiki ætlunar í afrakstri - segir það sem vill segja, tjáning	15%	
	Notkun grunnreglna - litur form og myndbygging	15%	
	Tæknileg færni - vald á efnum og aðferðum	15%	
Vinnulag Hvernig nemandinn ber sig að við vinnu	Rannsókn, nýsköpun - opinn hugur forvitni, hugvitsemi leit nýrra leiða	15%	
	Nýting fyrirmýnda - vinna úr upplýsingum	15%	
	Ígrundun – ískoðun á verkum og nýting í í næstu skref	15%	
Samræður	Yfirferð og dagbókarskrif	5%	
Tengsl við listheim	Kynning á listamanni og val á málverkum	5%	
		Samtals:	100%

Námsmatsþættirnar eru metnir stöðugt á önn og í lok annar með leiðsagnarmati, sjálfsmati og kennaramati. Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU. Sé verkefni ekki skilað jafngildir það 0 í einkunn nema fullgildar ástæður séu fyrir hendi að mati kennara. Nái nemandi ekki að skila á réttum tíma, þá lækkar einkunn um hálfan (0,5) næstu fimm virku daga. Eftir það eru skil ekki heimil.

Með fyrirvara um breytingar

**Símar eru velkomnir til náms
Opið hús/sýning 2. desember**

Dagsetning:

Undirritun Kennara

Undirritun brautarstj., fagstj. eða staðgengils